

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 – 1989

Nr. 274

500

2. júní 1989

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 196 19. apríl 1989, um bann við tog- og dragnótaveiðum á svæðum fyrir Suðurlandi.

1. gr.

2. tl. 1. gr. orðist svo: Að vestan af 19°30'V og að austan af 18°40'V.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. júní 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

Nr. 275

10. maí 1989

REGLUR

um breytingu á reglum um smíði og búnað íslenskra skipa nr. 553/
1975 sbr. nr. 124/1988.

Hluti H.

Um stöðugleika og öryggi fiskiskipa.

1. gr.

Við 1. mgr. 11. gr. 1101, bætist nýr stafslíður g, sem orðist svo:
g) fyrir skip er stunda nótaveiðar, skip með veiðarfæri, 30% eftir af olúu, vatni, birgðum og vistum, og með ísingu, skv. 12. grein, en án farms.

2. gr.

Við 18. gr. bætist ný málsgrein 1821, sem orðist svo:
1821. Í skipum sem frysta afla um borð skulu lestarhólf ekki vera breiðari en 4,0 m, lengd milli þverskilrúma ekki meira en 9,0 m, og uppstilling skal ná upp í loft.

Við útreikning á lestarborðum og stöðum telst eðlisþyngd farms γ vera jafnt og 0,5 t/m³.
Sé eðlisþyngd meiri skal taka tillit til þess.

Lestarborð úr furu eða greni skulu vera án bresta, órifin og kvistalítill.